

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð 415/2014 (CLP), reglug. 888/2015 (REACH).



1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **SKELJUNGUR FROSTLÖGUR BLÁR**

Tilvisunarnúmer: -

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: -

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Frostlögur.

Fraráðin notkun: -

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.isTengiliður fyrirtækis: msds@skeljungur.is

Útgáfudagsetning: 27.01.2017

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Bráð eiturhrif, fl. 4	H302
Alvarlegur augnskaði/augnerting, fl. 2	H319
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - endurtekin váhrif, fl. 2	H373

Helstu hættur

Eðlisræn hætta: -

Heilsufarshætta: Hættulegt við inntöku.
Getur skaðað líffæri (nýru) við langvinn eða endurtekin váhrif.

Umhverfishætta: -

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)



Hættumerki:

Viðvörðunarorð: Varúð

Innihaldsefni: Etýlenglýkól

Hættusetningar (H): H302 Hættulegt við inntöku.
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: P101 Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða umbúðamerkingar tiltækar.
P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.

Forvarnir: P260 Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P270 Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.

Viðbrögð: P301 + P312 EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.

Geymsla: -

Förgun: P501 Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku eða viðurkenndum förgunaraðila.

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: -

Takmarkanir á notkun: -

Viðbótarupplýsingar: -

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun
107-21-1	203-473-3	etýlenglýkól	48 - 52	Bráð eit. 4 H302 SEM-EV 2 H373
56-81-5	200-289-5	glýserín	44 - 48	-
1303-96-4	215-540-4	dínatríumtetrabórat dekahýdrat	2 - 4	Eit. á æxlun 1B H360 Augnert. 2 H319
1310-73-2	215-185-5	natríumhýdroxíð	0,2 - 0,5	Málmæt. 1 H290 Húðæt. 1 H314
7631-99-4	231-554-3	natríumnítrat	0,2 - 0,4	Eldmynd. fast efni 3 H272 Augnert. 2 H319
29385-43-1	249-596-6	metýl-1H-benzotríazol	0,1 - 0,3	Bráð eit. 4 H302

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

Almennt: Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

<i>Við innöndun:</i>	Flytjið slasaða í ferskt loft, látið hann hvílast og haldið á honum hita. Leitið lækni ef óþægindi koma fram.
<i>Snerting við húð:</i>	Fjarlægið strax fót sem mengast hafa af efninu og þvoið húðina vel með nægu vatni og sápu eða viðurkenndu húðhreinsiefni. Leitið lækni ef einkenni/óþægindi koma fram.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 10 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum til að tryggja fullnægjandi skolun. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Verjið óskaddað auga. Forðist sterka vatnsbunu þar sem hættu er á að hún valdi skemmdum.
<i>Inntaka:</i>	Framkallið EKKI uppköst. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í lungun. Gefið slasaða EKKI mjólk, fitu eða áfengi. Leitið lækni ef eitrunareinkenni koma fram.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og úhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Meðhöndlun skv. einkennum. Meðferð við etýlenglýkóleitrun: Magadæling ef sjúklingur kemur innan 2 klst. frá inntöku. Við einkennum frá hjarta og öndunarferum má gefa 5-15% etanóllaun með 5% glúkósa í æð (drip í bláæð). Blóðskilun, þvagræsing við alvarlegri eitrun.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Alkohólþolin froða, vatnsúði, duft, kolsýra.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háþrýsta vatnssprautu þar sem hættu er á að það auki útbreiðslu eldsins.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Við bruna myndast kolmónoxíð og koldíoxíð og aðrar hættulegar gastegundir og gufur.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Notið viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.

Sérstakar aðferðir: Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða. Hindrið að vatn sem notað er við slökkvistörf og blandast hefur efninu og/eða brunaleifum komist í niðurföll, jarðveg eða vatnsfarvegi. Því þarf að safna og meðhöndla sem efnaúrgang.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Fjarlægið allt sem getur valdið íkveikju og reykið ekki. Lofræstið rýmið þar sem lekinn varð.

Hlífðarbúnaður: Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Stöðvið lekann ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Takmarkið dreifingu leka með

hindrunum eða skurðum ef um mikið magn er að ræða. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni: Setjið lekar umbúðir í nýjar stærri eða annars staðar þar sem leka má úr þeim án skaða. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Notið ekki neistamyndandi tæki. Notið ekki vatn eða vatnsblönduð hreinsiefni til hreinsunar.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.

7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun

Meðhöndlun: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð og augu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið ekki neistamyndandi tæki. Hafið umbúðir vel lokaðar þegar ekki er verið að nota efnið.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað, varið gegn beinu sólarljósi og hita. Æskilegt geymsluhitastig er 20°C. Geymið ekki með matvælum eða öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum.

Ósamrýmanleiki: -

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: -

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.

8.1. Mengunarmörk

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Etýlenglýkól:	(MG)	10 ppm	26 mg/m ³
	(PG)	40 ppm	104 mg/m ³
Natríumtetrabórat dekahýdrat:	(MG)		1 mg/m ³
Natríumhýdroxíð:	(MG)		2 mg/m ³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Þar sem þessi vara inniheldur efni með mengunarmörk getur verið nauðsynlegt að fylgjast reglulega með loftgæðum á vinnustaðnum. Fyrir aðferðir við ákvörðun loftgæða er vísað til evrópustaðals EN 689. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni (sturtu) og augnskólunaráhöldum.

Persónuhlífar:

Öndunartæki: Notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Hlíðargleraugu eftir þörfum.

<i>Fyrir hendur:</i>	Hlífðarhanskar úr PVC, neopreni eða nítrílúmmii. Flokkur 2 (gegndræpitími > 30 mín.) fyrir skammtímanotkun en flokkur 6 (gegndræpitími > 480 mín.) fyrir notkun í lengri tíma. Hlífðarhanskar þurfa að vera ógegndræpir og þolnir gagnvart efninu. Við val á hlífðarhönskum þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. efni, snertitíma og tíðni, núningi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Skiptið hönskum strax út ef þeir skemmast eða slitna.
<i>Fyrir húð:</i>	Viðeigandi hlífðarfatnaður.
<i>Hreinlæti við vinnu:</i>	Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað áður en hann er notaður aftur.
<i>Umhverfið:</i>	Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<i>Ástand:</i>	Vökvi
<i>Útlit:</i>	-
<i>Lykt:</i>	Einkennandi
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Suðumark:</i>	160°C
<i>Bræðslumark:</i>	- 12°C
<i>Blossamark:</i>	> 190°C (lokuð deigla)
<i>Sprengimörk:</i>	3,2-15,3 (etýlenglýkól)
<i>Eldnærandi:</i>	-
<i>Íkveikimörk:</i>	> 300°C
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Gufuþéttni:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	1,115-1,125 g/cm ³
<i>Seigja:</i>	-
<i>Leysni:</i>	Leysist í vatni, ketónum, aldelyðum, beinkeðju alkohólum
<i>Deilistuðull:</i>	Log Pow 1,36

9.2. Aðrar upplýsingar

<i>Annað:</i>	-
---------------	---

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

<i>Hvarfgirni:</i>	Óhvarfgjarnt og fjölíðast ekki.
--------------------	---------------------------------

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.
---------------------	---

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

<i>Hættuleg efnahvörf:</i>	Engin þekkt.
----------------------------	--------------

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

<i>Skilyrði:</i>	Hiti, raki, beint sólarljós og íkveikjuvaldar.
------------------	--

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Engin þekkt.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: -

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.**11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif**

Almennt: Getur valdið ertingu í slímhúðum.

Helstu áhrifaleiðir: Inntaka, augu, innöndun.

Áhrif við innöndun: Getur valdið ertingu.

Áhrif á augu: Roði, tárarennslí, brunatilfinning. Getur valdið alvarlegum augnskaða.

Áhrif á húð: Ertandi. Getur þurrkað húðina. Roði.

Áhrif við inntöku: Hættulegt. Einkenni geta verið ógleði, uppköst, iðrakvalir, æsingur, minnisleysi, ósamhæðar hreyfingar, syfja. Getur skaðað líffæri (nýru) við langvinn eða endurtekin váhrif.

Bráð eiturhrif: ATEmix (inntaka): 961,5 mg/kg (reiknað gildi skv. viðauka I, töflu 3.1.2. í CLP reglugerð. Rannsóknarniðurstöður fyrir blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

Langvinn áhrif: Getur skaðað líffæri (nýru) við langvinn eða endurtekin váhrif.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.**12.1. Eiturhrif**

Eiturhrif: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni. Varan er ekki flokkuð hættuleg umhverfinu.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotsefni

Þrávirkni/niðurbrot: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

12.3. Uppsöfnun í lifverum

Uppsöfnun í lifverum: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Getur dreifst um jarðveg.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Á ekki við.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: Varan er ekki flokkuð hættuleg ózonlaginu. Taka þarf tillit til mögulegra áhrifa einstakra innihaldsefna á umhverfi og lífríki (t.d. truflana á hormónajafnvægi, áhrifa á hnattræna hlýnun).

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

13. Förgun.

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Meðhöndlun úrgangs: Skilist á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni. Losið ekki í niðurföll eða út í umhverfið. Endurvinnið ef hægt er eða fargið á öruggan hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun í samræmi við notkun.

Förgun umbúða: Menguðum umbúðum skal farga á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Fordrist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

14.1. UN númer

UN númer: Varan fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

14.2. Rétt UN sendingarheiti

Sendingarheiti: -

14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga

Hættuflokkur/flokkar: -

14.4. Þökkunarflokkur

Þökkunarflokkur: -

14.5. Umhverfishættur

Umvhverfishættur: -

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Varúðarráðstafanir: -

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:

Magnflutningar: -

15. Upplýsingar varðandi regluverk.

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Takmarkanir á notkun:-

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: Hefur ekki verið gerð.

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 27.01.2017

Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

- H272 Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).
- H290 Getur verið ætandi fyrir málma.
- H302 Hættulegt við inntöku.
- H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
- H318 Veldur alvarlegum augnskaða.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H360 Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði.
- H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.

Aðrar upplýsingar: Mónóetýlenglýkól frostlögur sem hentar bæði vetur og sumar. Sérstaklega blandaður til að tryggja vernd kælikerfa og vélarhluta úr áli, pakkninga og gúmmíhluta.

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirbyggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblaðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá VENOL Motor Oil Sp.z.o.o., 93-232 Łódź, Poland, dags. 21.07.2016.